

SIV Credit Fund slhf.

Ársreikningur 2025

SIV Credit Fund slhf.
Ármúla 3
108 Reykjavík

Kt. 691123-1700

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjáryfirlit	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12
Stjórnarháttayfirlýsing	20

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

SIV Credit Fund slhf., kt. 691123-1700, er samlagshlutafélag sem var stofnað í október á árinu 2023 og starfar sem sérhæfður sjóður skv. lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili.

Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfssemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins en það felur m.a. fjárfestingar í skuldabréfum og lánum til fyrirtækja. Sjóðurinn er með lögheimili á Íslandi og skal eingöngu markaðssettur á Íslandi til fagfjárfesta. Sjóðurinn gefur út hlutafé og skuldabréf í samræmi við samþykktir og áskriftarskilmála til þess að fjármagna fjárfestingar sínar.

Ábyrgðaraðili sjóðsins, sbr. 2. mgr. 160. gr. hfl., er SCF GP ehf., kt. 601023-0830, Ármúla 3, 108 Reykjavík („ábyrgðaraðilinn“). Samkvæmt samþykktum sjóðsins gegnir ábyrgðaraðilinn hlutverki stjórnar sjóðsins. Heimilt er að skipta um ábyrgðaraðila í tengslum við breytingu á rekstraraðila sjóðsins, sbr. gr. 4.4 í samþykktum sjóðsins. Rekstraraðili sjóðsins skv. samnngi er Íslensk verðbréf hf.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2025 eru fyrstu reikningsskil félagsins sem gerð eru samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðum. Áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaða voru engin.

Hagnaður varð á rekstri sjóðsins á árinu 2025 að fjárhæð 227,5 m.kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2025 nam 2.468,4 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Heildarhlutafé sjóðsins samkvæmt samþykktum sjóðsins nam í árslok 2.092,0 m.kr.

Á árinu 2025 voru skuldabréf sjóðsins tekin til viðskipta á Nasdaq OMX Iceland.

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu en daglegur rekstur er í höndum Íslenskra verðbréfa hf.

Skráð hlutafé sjóðsins nam í árslok 2.092,0 m.kr. og voru hluthafar 19 sem er sami fjöldi og var í árslok 2024.

	Eignarhlutur
Birta lífeyrissjóður	19,98%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A deild	19,98%
Gildi - lífeyrissjóður	19,98%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	9,56%
Festa lífeyrissjóður	7,17%
Skagi hf.	4,78%
Almenni lífeyrissjóðurinn	4,78%
Séreignardeild Birtu lífeyrissjóðs	3,82%
Íslenski lífeyrissjóðurinn-Lífsbraut 1	1,20%
Íslenski lífeyrissjóðurinn-Lífsbraut 2	1,20%
Aðrir minni hluthafar	7,55%
Samtals	100,00%

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Horfur í starfsumhverfi

Horfur er ágætar í umhverfi félagsins þrátt fyrir að verðbólga hafi aukist aftur síðastliðna mánuði. Þetta hefur gert það að verkum að Seðlabanki Íslands hefur staldrað við vaxtalækkunar. Verðbólga gæti þó hjaðnað á nýjan leik síðar á árinu sem gæti búið til svigrúm fyrir vaxtalækkunar. Órói á heimsmörkuðum gæti þó haft áhrif þar á en olíuverð hefur hækkað eftir innrás Bandaríkjana í Íran. Gengi krónunar hefur styrkst og má búast við að það muni haldast nokkuð stöðugt á næstu mánuðum en það mun hjálpa til við að ná verðbólgu nær markmiði Seðlabankans. Ágætist gangur er í hagkerfinu og er talsverð fjárfesting til staðar, m.a. í landeldi og innviðum. Þá hefur fasteignaverð haldist nokkuð stöðugt en þær miklu hækkunar sem voru sl. ár hafa róast. Stöðugleiki á fasteignamarkaði er mikilvægur fyrir sjóðinn þar sem allar fjárfestingar hans eru tryggðar með fasteignum. Þá eru langstærstur hluti lána í eigu sjóðsins verðtryggður en raunvextir á lánum til fyrirtækja hafa haldist nokkuð háir undanfarin misseri og gætu haldist háir áfram næstu mánuði, þrátt fyrir lækkun á ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa. Staða félagsins er sterk horft fram á veginn en tryggingar eru á bak við allar fjárfestingar í eigu þess.

Nánar um stjórnarhætti má sjá í yfirlýsingu um stjórnarhætti bls. 20

Yfirlýsing stjórnenda og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins í árslok 2025 og heildarafkomu þess sem og breytingu á handbæru fé og eigin fé á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri SIV Credit Fund slhf. hafa í dag fjallað um ársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 20. mars 2026

Stjórn:

F.h. SIV Credit Fund slhf.

Arnór Gunnarsson

Rútur Örn Birgisson

Ellen María Bergsveinsdóttir

Framkvæmdastjóri

Þorkell Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa SIV Credit Fund slhf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning SIV Credit Fund slhf. („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í samræmi við lög nr. 3/2006 um árseikninga og lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðislegar skyldur okkar í samræmi við þessar reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og að við erum óháð félaginu við endurskoðunina.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur	Endurskoðunin
Mat á tilvist og virði skuldabréfaeignar.	Farið var yfir innra eftirlit sem er til staðar hjá félaginu við fjárfestingu í skuldabréfaeign.
Skuldabréfaeign í lok árs nemur um 99% af heildareignum félagsins í árslok eða um 10.920 milljónum króna. Vísað er í skýringu 8 þar sem fjallað er um skuldabréfaeign félagsins.	Við framkvæmdum gagnaendurskoðun, endurreiknuðum skuldabréfaeign út frá skilmálum og fórum yfir forsendur sem notaðar voru við mat á virði þeirra.
Vegna þess hve skuldabréfaeign eru stór hluti efnahagsreiknings félagsins teljum við mat á virði og tilvist þeirra vera lykilatriði endurskoðunarinnar.	Skýringar vegna skuldabréfaeignar voru yfirfarnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reynir Stefán Gylfason, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 20. mars 2026

KPMG ehf.

Yfirlit um heildarafkomu ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Fjárfestingartekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur	5	922.093	351.269
Gengismunur hlutdeildarskrteina		12.714	52.624
Vaxtagjöld og verðbætur	5 (	622.921)	(180.931)
Vænt útlánatap	11 (	10.040)	0
Hreinar fjárfestingartekjur		301.846	222.962
Rekstrarkostnaður			
Umsýslupóknun	6 (	52.860)	(52.300)
Annar rekstrarkostnaður		21.511)	(9.883)
Rekstrarkostnaður samtals		(74.372)	(62.183)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		227.474	160.779
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut, í krónum	7	0,11	0,08

Skýringar á blaðsíðum 12 til 19 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Skuldabréfaeign	8	10.912.694	8.167.328
Hlutdeildarskirteini		95.442	136.984
Handbært fé	9,11	10.514	34.031
Eignir samtals		<u>11.018.650</u>	<u>8.338.342</u>
Eigið fé			
Hlutfé		2.092.000	2.092.000
Lögbundinn varasjóður		38.825	16.078
Óráðstafað eigið fé		337.619	132.892
Eigið fé samtals	12	<u>2.468.444</u>	<u>2.240.970</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi lán	13	8.548.798	6.096.788
Ýmsar skammtímaskuldir		1.408	585
Skuldir samtals		<u>8.550.206</u>	<u>6.097.372</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>11.018.650</u>	<u>8.338.342</u>

Skýringar á blaðsíðum 12 til 19 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjárfirlit árið 2025

		Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé árið 2024					
Eigið fé 1. janúar 2024.....		50.000	0	(11.809)	38.191
Innborgað hlutfé.....		2.042.000			2.042.000
Heildarafkoma ársins.....				160.779	160.779
Tillag í lögbundinn varasjóð.....			16.078	(16.078)	0
Eigið fé 31. desember 2024.....	12	2.092.000	16.078	132.892	2.240.970
Breytingar á eigin fé árið 2025					
Eigið fé 1. janúar 2025.....		2.092.000	16.078	132.892	2.240.970
Heildarafkoma ársins.....				227.474	227.474
Tillag í lögbundinn varasjóð.....			22.747	(22.747)	0
Eigið fé 31. desember 2025.....	12	2.092.000	38.825	337.619	2.468.444

Skýringar á blaðsíðum 12 til 19 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Heildaraðföng ársins		227.474	160.779
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:			
Gangvirðisbreyting hlutdeildarskírteina	(	12.714)	(51.984)
Vaxtatekjur og vaxtagjöld	(	299.172)	(170.338)
Vænt útlánatap		10.040	0
	(	74.372)	(61.543)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímaskuldir, lækkun		823	(11.601)
		823	(11.601)
Handbært fé til rekstrar án vaxta	(	73.549)	(73.144)
Innborgaðar vaxtatekjur		527.410	166.356
Greiddar afborganir og vextir	(	489.320)	(119.322)
Handbært fé til rekstar	(	35.459)	(26.110)
Fjárfestingarhreyfingar			
Veitt skuldabréfalán	8	(2.604.320)	(8.053.431)
Afborganir skuldabréfaeignar	8	243.596	56.605
Keypt hlutdeildarskírteini		(1.465.000)	(4.630.000)
Seld hlutdeildarskírteini		1.519.256	4.545.000
		(2.306.468)	(8.081.826)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé		0	2.042.000
Tekin ný langtímalán	13	2.318.410	6.049.590
		2.318.410	8.091.590
Lækkun á handbæru fé		(23.517)	(16.346)
Handbært fé í ársbyrjun		34.031	50.377
Handbært fé í árslok		10.514	34.031

Skýringar á blaðsíðum 12 til 19 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Félagið

SIV Credit Fund slhf. er samlagshlutafélag með starfsemi og aðsetur að Ármúla 3, Reykjavík. Félagið er rekið sem sérhæfður sjóður í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Ábyrgðaraðili sjóðsins er SCF GP ehf. og sér Íslensk verðbréf hf. um rekstur þess. Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili.

2. Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur félagsins er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Samandreginn ársreikningur félagsins innifelur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti því að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2024. Innleiðing staðlanna hafði enginn áhrif á samanburðarfjárhæðir í reikningsskilum félagsins.

Stjórn SIV Credit Fund slhf. samþykkti ársreikninginn 20. mars 2026.

3. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfræksluggjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna. Til að auka upplýsingagildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað. Matsóvissa félagsins felst að lang mestu leyti í ákvörðun vænts útlánataps fjáreigna félagsins. Gerð er grein fyrir fjáreignum félagsins í skýringum 10 og 11.

Á hverjum uppgjörsdegi metur félagið hvort fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði hafi rýrnað að virði. Fjáreign er virðisrýrð þegar atburður sem veldur lækkun á væntu sjóðstreymi fjáreignarinnar hefur átt sér stað. Vænt útlánatap er líkindavegið mat á útlánatapi. Útlánatap er metið núvirði allra affalla, þ.e. mismunur milli greiðslna sem félagið á rétt á samkvæmt samningi og greiðslna sem félagið væntir að fá. Niðurfærslureikningur fyrir fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði er dreginn frá bókfærðu verði eignanna.

Mikilvægar ákvarðanir stjórnar við beitingu reikningsskilaaðferða félagsins og lykilþættir óvissu um mat voru með sama hætti og lýst var í síðasta ársreikningi félagsins.

5. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2025	2024
Vaxtatekjur og verðbætur af lánveitingum	915.632	341.499
Aðrar fjárfestingartekjur	6.461	9.769
Vaxtatekjur samtals	922.093	351.269

Vaxtagjöld sundurliðast sem hér segir:

	2025	2024
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímalánum	622.921	180.931
Vaxtagjöld samtals	622.921	180.931
Hreinar vaxtatekjur samtals	299.172	170.338

Skýringar, frh.:

6. Umsýslupóknun

Sjóðurinn greiðir rekstraraðila sínum, Íslenskum verðbréfum hf., ársfjórðungslega umsýslupóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins. Á fyrstu þremur árum frá stofnun félagsins eða þar til félagið hefur kallað inn áskriftarloforð vegna hlutabréfa og skuldabréfa að fullu (eftir því hvort tímamarkið kemur fyrr) greiðir félagið fasta árlega umsýslupóknun til Íslenskra verðbréfa hf. sem nemur 0,5% af upphaflegum heildarfjárfestingaloforðum. Að þremur árum liðnum eða þegar upphafleg fjárfestingarloforð hafa verið greidd að fullu miðast föst 0,5% árleg þóknun við mat á heildareignum félagsins miðað við síðasta ársuppgjör eða árshlutauppgjör.

7. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila hreinum hagnaði sem tilheyrir hluthöfum félagsins með vegnu meðaltali útistandandi hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði á hlut þar sem félagið hefur ekki gefið út fjármálagerning sem valda þynningaráhrifum.

	2025	2024
Hagnaður ársins	227.474	160.779
Vegið meðaltal útistandandi hluta	2.092.000	2.092.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut, í krónum	0,11	0,08

8. Skuldabréfaeign

Sjóðurinn hefur fjárfest í verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum fyrirtækja. Skuldabréfaeign sjóðsins er metin á afskrifuðu kostnaðarverði ef samningssskilmálar fjáreignarinnar ákvarða tímasetningu sjóðstreymis sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og vöxtum og eignin tilheyrir viðskiptalikani sem hefur það markmið að halda eignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Eftir upphaflega skráningu eru fjáreignir í þessum flokki metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnar vaxtatekjur eru færðar með vaxtatekjum í rekstrarreikningi. Vextir af útlánum eru færðir sem vaxtatekjur.

Niðurfærsla fjáreigna sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru metinn með aðferð vænts útlánataps. Bókfært virði lána sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahag tekur tillit til frádráttar vegna niðurfærslureiknings. Niðurfærslan í lok árs 2025 nam 10 millj. kr..

Skuldabréfaeign sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	31.12.2025	31.12.2024
Verðtryggð skuldabréf, vextir 4,40% - 5,90%	10.354.778	7.424.017
Óverðtryggð skuldabréf, vextir 8,55% - 9,45%	557.916	743.311
	<u>10.912.694</u>	<u>8.167.328</u>
Bókfært verð greinist þannig:		
Eftirstöðvar nafnverðs	10.406.188	7.991.475
Verðbætur	481.772	140.237
Áfallnir og ógreiddir vextir og verðbætur	17.166	31.493
Lotun lántökugjalds	17.607	4.122
Vænt útlánatap	(10.040)	0
Samtals	<u>10.912.694</u>	<u>8.167.328</u>
Afborganir skuldabréfaeignar greinast þannig:		
Afborgun ársins 2026	177.754	110.967
Afborgun ársins 2027	186.923	113.865
Afborgun ársins 2028	196.345	119.535
Afborgun ársins 2029	206.311	125.476
Afborgun ársins 2030	216.766	131.761
Til greiðslu síðar	9.928.595	7.565.724
Samtals	<u>10.912.694</u>	<u>8.167.328</u>

Skýringar, frh.:

9. Flokkun fjáreigna og fjárskulda

Taflan hér á eftir sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda í samræmi við IFRS 9:

31. desember 2025

	Fjáreignir á afskrifðu kostnaðar- verði	Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	Skuldir á afskrifðu kostnaðar- verði	Samtals bókfært verð
Fjáreignir félagsins				
Skuldabréfaeign	10.912.694	0	0	10.912.694
Hlutdeildarskírteini	0	95.442	0	95.442
Handbært fé	10.514	0	0	10.514
Samtals	10.923.208	95.442	0	11.018.650
Fjárskuldir félagsins				
Vaxtaberandi lán	0	0	8.548.798	8.548.798
Ýmsar skammtímaskuldir	0	0	1.408	1.408
Samtals	0	0	8.550.206	8.550.206

31. desember 2024

Fjáreignir félagsins				
Skuldabréfaeign	8.167.328	0	0	8.167.328
Hlutdeildarskírteini	0	136.984	0	136.984
Handbært fé	34.031	0	0	34.031
Samtals	8.201.358	136.984	0	8.338.342
Fjárskuldir félagsins				
Vaxtaberandi lán	0	0	6.096.788	6.096.788
Ýmsar skammtímaskuldir	0	0	585	585
Samtals	0	0	6.097.372	6.097.372

Þrepaskipting gangvirðis

Gangvirði er skipt í þrjá flokka eftir því hvort aðferðirnar sem eru notaðar við ákvörðun gangvirðis byggja á markaðsgögnum eða ekki. Markaðsgögn endurspeglar markaðsupplýsingar frá óháðum aðilum. Gangvirði sem byggja ekki á markaðsgögnum byggja á forsendum sem félagið gefur sér. Byggt á þessum tveimur tegundum breyta, er þrepaskipting gangvirðis ákvörðuð þannig:

- Þrep 1 - Uppgefið verð á virkum markaði. Hér er um að ræða skráð hlutabréf og skuldabréf í kauphöllum.
- Þrep 2 - Hér er verð byggt á gögnum, öðrum en uppgefnum verðum eins og í þrepi 1, sem þó eru aðgengileg á markaði, annað hvort beint eða óbeint. Gögn sem notuð eru við gangvirðisútreikninga hér geta verið t.d. REYBOR vaxtakúrfa og lánsþæfismat mótaðila.
- Þrep 3 - Hér fellur undir gangvirði eigna og skulda sem ekki byggir á markaðsgögnum. Hér er aðallega um að ræða hlutabréf og skuldabréf sem verðmetin eru út frá gögnum sem eru að verulegu leyti óaðgengileg á markaði.

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru allar aðrar eignir en þær sem metar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

10. Útlánagæði fjáreigna

Vænt útlánatap

Félagið notar þriggja þrepa líkan við mat á væntum útlánatöpum. Afskriftarreikningur vegna vænts útlánataps fer eftir því hvort veruleg aukning hefur orðið á útlánaáhættu frá upphafsskráningu. Hafi ekki orðið veruleg aukning á útlánaáhættu jafngildir afskriftin væntu útlánatapi sem leiðir af vanskilum sem eru líkleg á næstu 12 mánuðum (þrep 1). Ef útlánaáhættan hefur hækkað verulega, ef lánið er í yfir 30 daga í vanskilum, ef að forsendur lántaka breytast eða ef það verður önnur veruleg breyting á skilmálum þá flokkast lán í þrep 2. Ef lánið er gjaldfallið eða á annan hátt virðisrýrt, þá er afskriftin jöfn væntu útlánatapi út líftíma (þrep 2 og 3).

Við mat á afskriftarreikningi vegna vænts útlánataps fyrir útlán og kröfur sem eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þá gert ráð fyrir þrem mismunandi aðferðum eftir því um hvers konar eign eða áhættuskuldbindingu er að ræða:

1. Vegna viðskiptakrafna eða sambærilegra eigna þar sem ekki er um að ræða umtalsverða fjármögnun má beita einfaldri (vænt tap yfir líftíma) aðferð.
2. Vegna eigna sem eru virðisrýrðar við kaup eða skráningu þá skal beita aðferð sem tekur tillit til vænts taps yfir líftíma.
3. Vegna annarra eigna/áhættuskuldbindinga skal beita almennri (þriggja þrepa) aðferð.

Almenna aðferðin

Félagið reiknar vænt útlánatap á hverjum reikningsskiladegi sem byggir á þremur þrepum.

Þrep 1 nær yfir fjáreignir þar sem útlánaáhætta hefur ekki aukist verulega frá upphaflegri skráningu eða (þar sem valkvæðri einföldun vegna lágrar útlánaáhættu hefur verið beitt) eru með lága útlánaáhættu.

Þrep 2 nær yfir fjáreignir þar sem marktæk lækkun hefur orðið á útlánagæðum frá upphaflegri skráningu (nema þar sem einföldun vegna lágrar útlánaáhættu hefur verið beitt og er viðeigandi) en ekki eru til staðar hlutlægar vísbendingar um útlánatap.

Þrep 3 nær yfir fjáreignir þar sem hlutlægar vísbendingar um tapsatburð eru til staðar á reikningsskiladegi.

12 mánaða vænt útlánatöp eru færð undir þrepi 1 en vænt útlánatöp út líftíma eru færð undir þrepi 2 og 3. Gerður er greinarmunur á milli fjármálagerninga þar sem útlánagæði hafa ekki lækkað marktækt frá upphaflegri skráningu og þeim sem það hafa gert. Útreikningar á væntu útlánatapi byggja á mati á útlánatöpum yfir væntan líftíma fjármálagerningsins. Eign færist úr 12 mánaða væntu útlánatapi yfir í vænt útlánatap út líftíma þegar um er að ræða marktæka lækkun í útlánagæðum frá upphaflegri skráningu. Þar af leiðandi byggja mörkin milli 12 mánaða og líftíma tapa á breytingu í útlánaáhættu en ekki áhættunni á reikningsskiladegi. Einnig er til staðar mikilvæg rekstrarleg einföldun sem heimilar félögum að flokka eignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með 12 mánaða væntu útlánatapi ef heildar útlánaáhættan er lág. Þetta á einnig við þó að útlánaáhætta hafi aukist marktækt.

Skýringar, frh.:

10. Útlánagæði fjáreigna, frh.:

Útreikningur á væntu útlánatapi

Vænt útlánatöp eru skilgreind sem mismunurinn á milli alls samningsbundins sjóðstreymis sem félagið á að fá og þess sjóðstreymis sem það gerir raunverulega ráð fyrir að móttaka, það er sú fjárhæð sem vantar upp á. Þessi munur er núvirtur með upphaflegu virku vöxtunum.

Tölur hér að neðan sýna fjáreignir sem eru niðurfærðar. Fyrir lán með lánshæfiseinkunn á 1. stigi eru litlar líkur á vanskilum og vænt útlánatap vegna þeirra metið óverulegt og þar að leiðandi er engin niðurfærsla tekin á fjáreignum.

Eignir

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
31. desember 2025				
Skuldabréfaeign	10.922.734	0	0	10.922.734
Vænt útlánatap	(10.040)	0	0	(10.040)
Samtals	10.912.694	0	0	10.912.694
31. desember 2024				
Skuldabréfaeign	8.167.328	0	0	8.167.328
Samtals	8.167.328	0	0	8.167.328

Útlán sjóðsins eru metin hvert fyrir sig þar sem um er að ræða tiltölulega fá og stór útlán. Meðalfjárhæð útlána í árslok 2025 nam 323 millj. kr. og var vegið uppreiknað veðhlutfall (LTV) útlánasafnsins 66,89% í árslok 2025.

Engin útlán voru í vanskilum lengur en 30 daga í árslok 2025 og teljast útlán því ekki hafa orðið fyrir verulegri aukningu á útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu.

Stjórnendur hafa metið vænt útlánatöp (ECL) með því að leggja mat á greiðslugetu lántaka og viðnámsþrótt útlánasafnsins gagnvart mögulegum áföllum í efnahagsumhverfinu. Við matið voru notaðar þrjár sviðsmyndir sem endurspeglar mismunandi þróun efnahagsforsenda. Til grundvallar lá ein grunnsviðsmynd, ein jákvæð sviðsmynd og ein neikvæð sviðsmynd. Líkurnar á grunnsviðsmyndinni voru metnar 60%, líkurnar á jákvæðu sviðsmyndinni 10% og líkurnar á neikvæðu sviðsmyndinni 30%. Þessar líkur voru ákveðnar á grundvelli faglegs mats stjórnenda og endurspeglar huglægt mat á líklegri þróun efnahagsumhverfisins og áhrifum þess á útlánasafnið.

Niðurstaða þessa mats er að afskriftareikningur útlána í árslok 2025 nam 10,1 millj. kr. en enginn afskriftareikningur var færður í árslok 2024.

11. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

12. Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 2.092,0 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Lögbundinn varasjóður

Í samræmi við lög skal lagt í lögbundinn varasjóð tiltekið hlutfall af hagnaði hvers árs uns hann nemur fjárhæð er svarar til 25% af hlutfé.

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er sá hluti af eigin fé félagsins sem hægt er að ráðstafa til hluthafa í formi arðs.

Skýringar, frh.:

13. Vaxtaberandi lán

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

	31.12.2025	31.12.2024
SIV 24 1, verðtryggt, vextir 3,75%	8.548.798	6.096.788
Skuldabréfaútgáfan greinist þannig	2025	2024
Staða 1.1	6.096.788	0
Ný skuldabréfaútgáfa	2.318.410	6.049.590
Greiddar afborganir og vextir	(486.195)	(133.696)
Verðbætur og áfallnir vextir	619.795	180.894
Samtals	8.548.798	6.096.788
Bókfært verð greinist þannig:		
Eftirstöðvar nafnverðs	7.828.525	5.790.971
Verðbætur	662.375	262.988
Áfallnir og ógreiddir vextir og verðbætur	57.898	42.829
Samtals	8.548.798	6.096.788
Afborganir útgefins skuldabréfs greinast þannig:		
Til greiðslu 2026	175.524	161.924
Til greiðslu 2027	182.168	168.053
Til greiðslu 2028	189.064	174.414
Til greiðslu 2029	196.220	181.016
Til greiðslu 2030	203.647	187.868
Til greiðslu síðar	7.602.175	5.223.511
Samtals	8.548.798	6.096.788

14. Skattamál

Sjóðurinn er ekki sjálfstæður skattaðili en er skattlagt með eigendum sínum og því eru skattar ekki reiknaðir í ársreikningnum.

15. Tengdir aðilar

Stjórnarmenn, stjórnendur, rekstraraðili sjóðs, móðurfélag rekstraraðila og félög er lúta stjórn sjóðsins, auk félaga í meirihlutaeigu þessara aðila, teljast vera tengdir aðilar sjóðsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Íslensk verðbréf hf. tók við sem rekstraraðili á árinu 2025 þegar SIV eignastýring hf. var sameinuð félaginu.

Eftirfarandi töflur sýna viðskipti við tengda aðila á árinu og kröfur á og skuldir við þá í árslok 2025 ásamt samanburðartímabili.

	31.12.2025		31.12.2024	
	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld
SIV eignastýring hf. fyrrv. rekstraraðili	0	13.075	0	52.300
Íslensk verðbréf hf., rekstraraðili	0	39.785	0	0
	0	52.860	0	52.300
	31.12.2025		31.12.2024	
	Eign	Skuld	Eign	Skuld
SIV eignastýring hf. fyrrv. rekstraraðili	0	0	0	0
Íslensk verðbréf hf., rekstraraðili	0	0	0	0
	0	0	0	0

Skýringar, frh.:

16. Áhættustýring

Helstu fjárhagslegar áhættur félagsins eru lánsáætta, lausafjáráætta og markaðsáætta. Engar breytingar hafa orðið á áhættustefnu eða áhættustýringu félagsins frá síðasta ársreikningi.

Lánsáætta

Félagið stendur aðallega í lánveitingum og skuldabréfaeignum. Hámarkstap vegna lánsáættu nemur bókfærðu virði fjáreigna. Félagið beitir virku lánsþæfismati við útlán og fjárfestingar.

Lausafjáráætta

Félagið heldur nægjanlegu lausu fé og aðgengi að lánsfjármögnun til að standa við skuldbindingar. Taflan hér að neðan sýnir væntar greiðslur og vexti:

	0-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár	Umsamið sjóðstreymi
31.12.2025					
Fjáreignir					
Handbært fé	10.514				10.514
Hlutdeildarskírteini	95.442				95.442
Skuldabréfaeign	737.904	738.652	2.216.083	11.991.654	15.684.294
Samtals	843.860	738.652	2.216.083	11.991.654	15.790.250
Fjárskuldir					
Vaxtaberandi lán	492.121	492.121	1.476.362	9.634.567	12.095.171
Ýmsar skammtímaskuldir	1.408				1.408
Samtals	493.528	492.121	1.476.362	9.634.567	12.096.579
31.12.2024					
Fjáreignir					
Handbært fé	34.031				34.031
Hlutdeildarskírteini	136.984				136.984
Skuldabréfaeign	461.267	492.167	1.412.571	7.906.894	10.272.898
Samtals	632.281	492.167	1.412.571	7.906.894	10.443.913
Fjárskuldir					
Vaxtaberandi lán	344.110	344.110	1.032.330	6.735.033	8.455.582
Ýmsar skammtímaskuldir	585				585
Samtals	344.695	344.110	1.032.330	6.735.033	8.456.167

Markaðsáætta

Markaðsáætta félagsins felst einkum í vaxta- og verðbólguáættu. Skuldabréfaeign félagsins er verðtryggð með föstum vöxtum. Félagið ver ekki markaðsáætta.

17. Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið innleiddi alþjóðlega reikningsskilastaðla 1. janúar 2025. Innleiðing þeirra hafði ekki áhrif á mat á eignum eða skuldum þann 1. janúar 2024 og 2025. Engar breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðlum hafa haft áhrif á ársreikning félagsins fyrir árið 2025.

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gilda fyrir fjárhagsár sem hefjast eftir 1. janúar 2025 og heimilt er að beita fyrir gildistöku þeirra. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð samstæðuársreikningsins.

A. IFRS 18 Framsetning og upplýsingagjöf í reikningsskilum

IFRS 18 mun koma í stað IAS 1 Framsetning reikningsskila og gildir fyrir ársreikninga fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2027 eða síðar. Með nýja staðlinum eru settar fram nýjar lykilkraufur:

*Félögum ber að flokka allar tekjur og gjöld í fimm flokka í rekstrarreikningi, þ.e. rekstur, fjárfestingar, fjármögnun, aflagða starfsemi og tekjuskatt. Félög þurfa jafnframt að birta rekstrarafkomu sem skilgreinda millisamtölu. Afkoma félaga mun ekki breytast.

*Afkomumælikvarðar sem skilgreindir eru af stjórnendum (e. MPM) eru settir fram í einni skýringu í reikningsskilunum.

*Auknar leiðbeiningar um flokkun upplýsinga í reikningsskilum eru veittar.

Því til viðbótar, ber nú að nota rekstrarafkomu sem upphafs fjárhæð í sjóðstreymisfirliti, þegar rekstrarhreyfingar eru settar fram með óbeinni aðferð.

Sjóðurinn er enn að meta áhrif nýja staðalsins, einkum með tilliti til framsetningar rekstrarreiknings sjóðsins, sjóðstreymisfirlits og viðbótarupplýsinga tengdar afkomumælikvörðum stjórnenda. Sjóðurinn er einnig að meta áhrifin af því hvernig upplýsingar eru flokkaðar í reikningsskilum, þar með talið vegna liða sem nú eru flokkaðir sem "annað".

C. Aðrir reikningsskilastaðlar

Ekki er búist við að eftirfarandi nýir og breyttir reikningsskilastaðlar hafi veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

- Flokkun og mat fjármálagerna (Breytingar á IFRS 9 og IFRS 7); og
- Samningar um náttúruháða raforku (Breytingar á IFRS 9 og IFRS 7)

Stjórnarháttayfirlýsing - Óendurskoðað

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti SIV Credit Fund slhf. er félagið að fylgja þeim kröfum sem koma fram í viðurkenndum leiðbeiningum sem eru til staðar á þeim tíma sem ársreikningur þessi er samþykktur af stjórn félagsins og ákvæðum 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfa frá árinu 2021, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. voru sérstaklega hafðar til hliðsjónar þegar yfirlýsing um stjórnarhætti SIV Credit Fund slhf. var samin. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, <http://www.vi.is>.

SIV Credit Fund slhf. er samlagshlutafélag og starfar skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins, lánastarfsemi, kaup og sala á fjármálagerningum, eignarhald og rekstur fasteigna, og önnur skyld starfsemi. Helstu fjárfestingar félagsins tengjast fjármögnun á fyrirtækjum. SIV Credit Fund slhf. er skráð sem sérhæfður sjóður og sér Íslensk verðbréf hf. um daglegan rekstur hans samkvæmt samningi þar um. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur jafnframt eftirlit með starfsemi SIV Credit Fund slhf. eins og lög gera ráð fyrir. Yfirlit um viðkomandi lög og reglur um rekstraraðila sérhæfðra sjóða má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, <http://www.fme.is>.

Enginn eiginlegur rekstur á sér stað hjá SIV Credit Fund slhf. og hefur félagið enga starfsmenn. Þannig er framkvæmdarstjóri félagsins starfsmaður Íslenskra verðbréfa hf. Aðalfundur skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara en eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok reikningsársins. Stjórn félagsins framkvæmir ekki árangursmat. Ekki er til skrifleg starfslýsing stjórnarformanns utan það sem fram kemur í samþykktum. Þá starfrækir stjórn ekki undirnefndir.

Stjórn SIV Credit Fund slhf. ber ábyrgð á að samþykkja fjárfestingar og fylgjast með að framkvæmd þeirra sé í samræmi við samþykkt þar um og fjárfestingarstefnu. Rekstraraðili sér um að finna og greina fjárfestingartækifæri og leggja til fjárfestingar við stjórn félagsins. Þá þarf samþykki allra stjórnarmanna fyrir fjárfestingum.

Innra eftirliti er útvistað, sbr. 17. gr. laga nr. 128/2011, með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Það á við um regluvörslu, áhættustýringu og innri endurskoðun. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins.

Gildi félagsins hafa ekki verið skilgreind umfram það að félagið fjárfesti í samræmi við markmið og markaðsaðstæður hverju sinni. Félagið hefur ráðgjafaráð um hagsmunaárekstra sem skal skipað þremur fulltrúum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Hlutverk ráðgjafaráðs er að veita rekstraraðila ráðgjöf við að meta hagsmunaárekstra sem mögulega kunna að koma upp við fjárfestingar félagsins gagnvart rekstraraðila ásamt öðrum þáttum sem rekstraraðili óskar eftir.

Ábyrgðaraðili SIV Credit Fund slhf., SCF GP ehf. gegnir jafnframt hlutverki stjórnar félagsins. Í stjórn SCF GP ehf. sitja þrír aðalmenn. Þeir eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum og ritar fundargerð. Stjórn félagsins fundar að öllu jöfnu mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Stjórn stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna félagsins gagnvart þriðja aðila. Stjórnin starfar samkvæmt samþykktum og áskriftarskilmálum félagsins, metur og eftir atvikum samþykkir fjárfestingar sem bornar eru upp af rekstraraðila félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Stjórn félagsins skipa:

Arnór Gunnarsson, stjórnarformaður

Arnór er framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa og Sidekick Holding slhf. Hann er viðskiptafræðingur að mennt frá Háskólanum í Reykjavík og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum auk CFA-gráðu (Chartered Financial Analyst). Arnór hefur starfað við eignastýringu og sjóðastýringu frá árinu 2001 og gegnt stöðu forstöðumanns fjárfestinga hjá VÍS frá árinu 2017. Hann býr yfir viðtækri reynslu og þekkingu á sviði eignastýringar og hefur verið metinn hæfur til að gegna stöðu yfirmanns eignastýringar með hliðsjón af þeirri starfsemi sem SIV hyggst stunda. Arnór situr í stjórn YNWA ehf., EBSON ehf., Bál ehf., NH eignir ehf., Fjárfestingarfélagsins Hlíð ehf., SEQ GP ehf. og SIV equities slhf. Auk stjórnarsetu gegnir hann einnig stöðu framkvæmdastjóra hjá Glym 2 GP ehf., Glym 3 GP ehf. og Glym GCW slhf.

Ellen María S. Bergsveinsdóttir, meðstjórnandi

Ellen María er framkvæmdastjóri Mink Campers. Hún er með B.Sc. í hagfræði og Master í Fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík. Hún hefur jafnframt lokið námi í verðbréfavíðskiptum. Áður starfaði hún í fjármálageiranum í nærri 13 ár og þar síðast hjá Arion Banka sem lánastjóri á fyrirtækjasviði með áherslu á fasteignir og framkvæmdafjármögnun. Hún hóf störf sem fjármálastjóri hjá Mink Campers árið 2022 og tók að lokum við sem framkvæmdastjóri. Hún hefur setið í Stjórn Samtaka Sprota og komið að verkefnum innan Samtaka Iðnaðarins, þar á meðal Vaxtasprotanum. Ellen hefur ekki setið í neinum stjórnnum síðastliðin fimm ár.

Rútur Örn Birgisson, meðstjórnandi

Rútur er lögmaður með málflytningsréttindi fyrir héraðsdómstólum og meðal eigenda Lind fasteignasölu. Hann er með Mag. jur. gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands. Rútur hefur starfað sem lögmaður í 12 ár og veitt fjölbreytta lögfræðiráðgjöf og annast skjalagerð fyrir ýmis fjármálafyrirtæki. Áður starfaði hann hjá Lögmonnum Lækjargötu og hjá skilanevnd Kaupþings banka hf. Hann hefur setið í stjórn Innviða fjárfestinga slhf. og gegnir nú stjórnarstörfum hjá Dalsfoss Legal ehf. og Lind fasteignasölu ehf., auk þess að vera varamaður í stjórn Hærings ehf. Rútur sat í stjórn Innviða fjárfestinga slhf. á árunum 2015–2022 og hefur einnig sinnt regluvörslu fyrir Summu Rekstrarfélag hf.

Tveir af þremur stjórnarmönnum félagsins eru óháðir stórum hluthöfum félagsins, félaginu sjálfu og daglegum stjórnendum þess. Systurfélag rekstraraðila er hluthafi í SIV Credit Fund slhf.

Þorkell Magnússon, framkvæmdastjóri SIV Credit Fund slhf.

Þorkell Magnússon er forstöðumaður sjóðstýringar hjá Íslenskum verðbréfum. Þorkell er með M.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði frá University of Minnesota og C.Sc. í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Hann hefur starfað á fjármálamarkaði síðan 1998 og við sjóðastýringu frá árinu 1999, m.a. sem forstöðumaður sjóðastýringar Kviku eignastýringar hf. frá árinu 2018. Þá hefur hann stofnað og stýrt fjölmörgum sjóðum, þar með talið kreditsjóðum sem sérhæfa sig í fjármögnun fyrirtækja. Þorkell er stjórnarmaður í Sölku 2 ehf. og engin önnur stjórnarseta síðastliðin fimm ár.

Viðskiptaheimilisfang ofangreindra aðila er Ármúli 3, 108 Reykjavík.

Engar kvartanir eða athugasemdir hafa borist SIV Credit Fund slhf. frá viðskiptavinum eða öðrum vegna ávirðinga um brot félagsins eða starfsmanna þess á lögum eða reglum sem um starfsemi félagsins gilda.

SIV Credit Fund slhf. er með skuldabréf skráð í kauphöll og birtir upplýsingar um starfsemi sína í samræmi við reglur kauphallar. Á aðalfundum er farið yfir starfsemi félagsins og ennfremur kallað til hluthafafunda ef ástæða er til.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf – óendurskoðað

SIV Credit Fund slhf. (SCF) er sérhæfður sjóður á samlagshlutafélagaformi og hefur það markmið að fjárfesta í fjármálagerningum tengdum fjármögnun fyrirtækja. Hjá félaginu er engin eiginleg starfsemi heldur er félagið með rekstrarsamning við Íslensk verðbréf hf. sem jafnframt skipar félaginu framkvæmdastjóra. Það er því enginn starfsmaður hjá SIV Credit Fund slhf. Þar sem starfsemi félagsins er mjög takmörkuð hefur það ekki sett sér sérstakar stefnur í umhverfis-, samfélags- og starfsmannamálum heldur fylgir félagið sömu stefnu og rekstraraðili fer eftir, sjá nánar www.iv.is. Varðandi málefni tengdum vörum gegn spillingu, mútum og mannréttindum fylgir félagið jafnframt sömu reglum og rekstraraðili sem hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og hefur sett sér reglur varðandi m.a. hagsmunaárekstra og aðra þætti líkt og kveðið er á um í lögum þar um. Nánar má sjá reglur og upplýsingar um starfsemi Íslenskra verðbréfa hf. á heimsíðu félagsins www.iv.is.

Upplýsingagjöf um sjálfbærni - óendurskoðað

Með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, voru ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 (hér eftir "flokunarreglugerðin") innleidd í íslenskan rétt. Flokkunarreglugerðin leggur grunn að samræmdu evrópsku flokkunarkerfi með skilgreiningum og viðmiðum um hvað teljist vera umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi.

Flokkunarreglugerðin krefst þess að fyrirtæki sem starfa á fjármálamarkaði birti lykilmælikvarða sem samræmist starfsemi félaganna. Til að mynda skulu lánastofnanir birta hlutfall grænna eigna (e. GAR), sem er hlutfall af eignum lánastofnunar sem fjármagna og eru fjárfestar í atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, þ.e. er umhverfislega sjálfbær (e. taxonomy aligned), af heildarumfangi eigna, að undanskildum áhættuskuldbindingum vegna ríkisstjórna, seðlabanka og yfirþjóðlegra útgefenda. Þá skulu eignastýringaraðilar birta hlutfall fjárfestinga í atvinnustarfsemi sem telst vera umhverfislega sjálfbær af virði allra fjárfestinga sem þeir stýra. Þetta hlutfall byggist á lykilarangursmælikvörðum fyrirtækja sem fjárfest er í (bæði fyrir veltu og fjárfestingargjöld), sem þau birta samkvæmt flokkunarreglugerðinni í fyrsta skipti fyrir árið 2023 á Íslandi.

Upplýsingaskylda

Sjóðurinn birtir að þessu sinni ekki sértækar upplýsingar sbr. 8. gr. Flokkunarreglugerðarinnar. Lög nr. 25/2023 ná til eininga tengdum almannahagsmunum, en sjóðurinn flokkast sem eining tengd almannahagsmunum, sbr. a.lið 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um ársreikninga nr. 30/2006, þ.e. lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum markaði.

Hins vegar ber að fylgja framseldri reglugerð ESB 2021/2178 (hér eftir „framselda reglugerðin“), sem setur fram viðbætur við flokkunarreglugerðina með því að tilgreina innihald og framsetningu upplýsinga sem félögum ber að birta, en hún gerir ráð fyrir því að fyrirtæki á fjármálamarkaði sé „fyrirtæki sem fellur undir birtingarskyldurnar, sem mælt er fyrir um í 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, og er eignastýringaraðili, lánastofnun [...], verðbréfafyrirtæki [...], váttryggingafélag [...] eða endurtryggingafélag [...]“. Sjóðurinn uppfyllir því ekki framangreinda skilgreiningu þar sem sjóðurinn er íslenskt samlagshlutafélag sem er rekið sem sérhæfður sjóður á fjármálamarkaði í rekstri eignarstýringaraðila, Íslenskum verðbréfum hf.

Takmarkanir á skýrslugjöf fyrir árið 2025

Flokkunarreglugerðin var innleidd í áföngum í Evrópu frá og með árinu 2022 til að tryggja aðgengi að gögnum. Flokkunarreglugerðin var innleidd með mismunandi hætti hér á landi en öll fyrirtæki, sem skylt er að birta samkvæmt flokkunarreglugerðinni, birtu upplýsingar í fyrsta skipti á árinu 2024 en það hefur áhrif á þær upplýsingar sem Íslensk verðbréf hefur aðgang að. Sniðmátið sem Íslensk verðbréf birtir er því að miklu leyti án upplýsinga og ekki er hægt að reikna hlutfall fjárfestinga í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi í ár. Sniðmátið inniheldur þær upplýsingar sem eru ekki háðar upplýsingagjöf fyrirtækja sem fjárfest er í.

Vegna nýlegrar innleiðingar upplýsingaskyldunnar, skorts á innleiðingu ýmissa tengdra Evrópuþingraða í íslenskan rétt og skorts á upplýsingagjöf frá lögaðilum sem falla undir skilyrði flokkunarreglugerðarinnar ásamt ósamræmi varðandi gildissviðs laga nr. 25/2003 og innleiddra reglugerða og framseldra reglugerða eru upplýsingarnar því takmarkaðar.